



Skrifað Tveir gestir listkaupstefnunnar rýna í verk eftir Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur og Önnu Rún Tryggvadóttur á sýningu Gallery Guðmundsdóttur en galleríð er starfrækt í Berlín.



Vefnaður Börkur Arnarson galleristi í ið segr gestum frá vefnaðarverkum myndlistarmannsins Örnú Ottarsdóttur en safnarar keyptu þrjú þeirra strax við opnun CHART.

Rífast gangur með íslensk listaverk

● Verk íslenskra listamanna sýnd og seld af sex galleríum á CHART-listkaupstefnunni í Kaupmannahöfn ● Stofnanir og einstaklingar kaupa verk Kristjáns Steingríms ● Kaupgláðir safnarar

VIÐTAL


Einar Falur
Ingólfsson



„Það hefur verið mjög mikill traffík og verkin sem við sýnum vakíð mikla athygli. Það er hvorki hægt að kvarta yfir viðtökum gesta né sölu,“ sagði Ásdís Pula Þorlákssdóttir, eigandi gallerisins Pulu, lukkuleg, þegar langt var liðið á fyrsta dag norrænu listkaupstefnunnar CHART. Hún er nú haldin í 13. skipti í salarkynnum Charlottenborgar við Nýhöfnina í Kaupmannahöfn og hófst á fimmtudag en þá var aðeins opið fyrir boðsgeit, og þar á meðal safnafólk og myndlistarsafnara víða að sem fylltu sýningarsalina, rýndu áhugasamir í verkin og sögu galleristar sölu verka hafa gengið vel. Viðburður tengdur CHART teygja sig líka út í borgina, til að mynda í Tivoli-garðinum þar sem enn eitt árið er sett upp sýning á völdum samtmaverkum. Þá eru á upplýsingaskjám jarðstækerfis borgarinnar sýnd allrahandu stutt vídeóverk eftir listamenn sem eru á málá hjá þeim galleríum sem sýna á CHART, og svo hafa verið kynntar mismilangar „List-hlaupaletíður“ þar sem má skokka fram hjá listaverkum í borgarlíðslaginu.

Stofnendur CHART voru nokkur helstu myndlistargallerí Norðurlanda og var markmiðið að kynna árlega á einum stað stefnur og straua í norrænu myndlistarlífi. Listkaupstefnan hefur fest sig kirkilega í sessi og má sjá sömu andlitið hér á eftir ár, safnara, listamenn, sýningarstjóra og menningarblaðamenn, sem nutu for-sýningarinnar á fimmtudag, en í gær og nú ein helgina er Charlottenborg svo opin almennings, sem flykkist að hinum sögufræga sýningarsölum. Og framsetningin er ólók þvi sem þekktist á öðrum listkaupstefnum, því hér stilla tvö til þrjú gallerí sönum sýningum fram hlið við hlið, allt sýnilega í sátt og samlyndi.

Að þessu sinni sýna 36 gallerí á CHART. Þau sömu þrjú íslensku og hafa sýnt undanfarin ár eru hér, BERG Contemporary, ið og Pula. Það fyrstnefnda sýnir verk eftir Kristján Steingrím, Þórdís Erlu Zoega og Bernd Koberling. ið kynnir verk eftir Örnú Ottarsdóttur og Ryan Mrozowski, og Pula verk eftir Guðmund Thoroddsen, Kristínu Mortens, Helgu Páleyju Friðbjörnsdóttur og Rakel McMahon. 34 galleríanna eru starfrækt á Norðurlöndum en tvö í Berlín. Annað þeirra tekur nú þátt í fyrsta sinn, Gallery Guðmundsdóttir, sem rekið er af Guðnýju Guðmundsdóttur. Hún sýnir hér verk eftir Önnu Rún Tryggvadóttur, Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur og norskan málara, Endre Aalrust. Enn fremur málverk eftir listmálara og graffíklistakona Björgu Þorsteinsdóttur (1940–2019). Og af íslenskum listamönnum á CHART má geta þess að danska galleríð Specta leggur áherslu á málverk eftir Þórdís Adalsteinsdóttur á sinni



Ljósmyndir/Einar Falur Ingólfsson

Ævintýrleg Gitte Johannesen, sem rekur danska Specta-galleríð, ræðir við einn gestanna á CHART um ævintýrleg málverk Þórdísar Adalsteinsdóttur en galleríð hefur unnið með Þórdís í nær tvo áratugi.

sýningu. Þórdís bjó lengi í Bandaríkjunum og hafði unnið þar að list sinni stóan hún lauk frambaldsnaði í New York fyrir um tveimur áratugum. Hún býr nú í Frakklandi. Þá sýnir þýska galleríð Persons Projects eitt verk eftir Kristján Guðmundsson.


„Í verkunum snertir Þórdís á mörgum þeimum og þáttum í lífi samtímamannsins og um leið er mikill surrealisma í þeim. Eg stíll hér fram verkum hennar með nokkrum eftir aðra listamenn sem ég vinn með sem eins og hnykkja á viðfangsefnum Þórdísar,“ segir galleristinn Gitte Johannesen og bendir sem dæmi á flokna uppi á vegg, sem kallast á við dýr sem eru í mörgum málverka Þórdísar, til að mynda skógarbjörn og ísbjörn.

Þórdís hefur unnið með Specta-galleríinu í ein nítján ár. „Í byrjun kom fyrir að sýningargestir hjá okkur hneyksluðust á verkunum eða skildu þau ekki en við höfum haldið áfram að setja upp sýningar á þeim og nú er svo komið að margir biða eftir að sjá ný málverk – Þórdís á orðið marga aðliðendur hér í borginni,“ segir galleristinn.

Frábær samkoma

ið galleríð hefur verið þátttakandi í CHART frá upphafi og Börkur Arnarson galleristi hefur því stíllt upp sýningum í mörgum af söllum og herbergjunum ið í Charlottenborg. Að þessu sinni sýnir ið í einu af stærstu rýmunum, sem Börkur er ánægður með rétt eins og samlyði þar við tvö önnur reynslumikil norræn gallerí. Segir hann þar samankoma meira en hundruð ára reynsla af gallerískri rekstri.

„Við sýnum hér tvö af nýjustu listamönnum í ið, Örnú og Ryan. Þegar maður setur upp sýningu á



Galleristi Ásdís Pula galleristi í Pulu ræðir við gesti innan um verk eftir Helgu Páleyju, Rakel McMahon og Guðmund Thoroddsen.



Arkitekt Ásmundur Hrafn Sturluson arkitekt skóðar verk eftir Kristján Steingrím Jónsson á sýningu gallerisins BERG Contemporary.

svona listmessu er engin leið að segja hver viðburðurinn verður en við erum rosalega ánægð, sérstaklega með það

hvornig verk Örnú hafa slegið í gegn. Við höfum komið þremur stórum verkum hennar inn í söfn hjá fólk

sem er mjög vel inni í myndlistinni, sem er frábært.“

Þegar spurt er hvort það sem sjá megi á CHART og hvort verkin þar falli kaupendum í geð segi eitthvað um norræna listmarkað í dag, þá telur Börkur ekki svo vera. „En það er gaman að koma hingað, setja upp litla sýningu í umhverfi sem er búið til fyrir myndlist og geta sýnt verkin öllum þessum fjölda kollega og gesta frá myndlistarstofnunum á Norðurlöndum, sýningarstjórn og öðrum sem vinna með listafólki. Við höfum átt fjölda samtala um verkin og alls ekki bara við fólk sem hefur möguleg kaup í huga. Þetta er alveg frábær samkoma um myndlist og gaman að sjá að hingað koma sífellt fleiri Íslendingar að skoða.“

Bullandi búsið

Þetta árið hefur BERG Contemporary sér sal til umráða og Kristína Adalsteinsdóttir starfsmaður gallerisins segir CHART vera vinnalegustu listkaupstefnuna, ólíka öllum öðrum. „Og þessi fyrsti dagur hefur gengið framur vonum. Mikill fjöldi gesta, og viðtökur og sala hafa verið mjög góð. Áhugasömstu listmenndurnir og safnararnir eru ídelega mættir um leið og opnað er og þá kom hreinlega flóðbylgja hér í salinn!“ segir Kristína. „Það hefur verið áhugi á verkum allra þriggja listamanna. Margir þekkja vatnslitaverk Berns Koberlings enda hefur hann verið að í sextu ár. Þá virðist nú vera tími verka Kristjáns Steingríms. Glasleg bók um feril hans er nýkominn út og við opnuðum stóra sýningu á verkum hans í galleríinu heima á Menningarndótt. Það hefur gengið mjög vel með verkin hans hér í dag en ýmsar norrænar stofnanir sem og einstaklingar hafa verið að bæta verkum hans í safnið. Þau fara víða. Svo erum við aftur mætt með verk eftir Þórdís Erlu Zoega en við sýndum hana líka hér í fyrra og hún sló þá algjörflega í gegn. Áhuginn hefur ekki dýnað og við höfum getað margelt verið hennar.“

Guðný Guðmundsdóttir hefur um nokkurra ára skeið rekið Gallery Guðmundsdóttir í Berlín og sýnir nú í fyrsta skipti á CHART. Hún segist hafa verið að sýna marga norræna listamenn í Berlín og finnst ákaflega skemmtilegt að vera kominn með verk eftir fjóra þeirra til Kaupmannahafnar. Hún segir CHART vera ólíka þýskum listkaupstefnum.

„Hér er haldið öðruvísi utan um allt, messan kynnir með öðrum hætti og betur unnið að því að tengja kaupandaðinn við bæði listamenn og gallerista. Hér er allt önnur stemning og fólk líka tilbúna að opna buðina. Í Þýskalandi er fólk lengur að ákveða hvort þá villji kaupa verk en hér virðist fólk taka skyndiákvörðunir, sem er auðveldað þægilegt,“ segir galleristinn og brosir. Enda hafi sala á verkum verið góð.

Eins og Ásdís Pula galleristi í Pulu tekur undir: „Það er bullandi búsið!“